

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Í stað 1. gr. komi 18 nýjar greinar er orðist svo:

a. (1. gr.)

*Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993,  
með síðari breytingum.*

Í stað orðanna „karls og konu“ í 1. gr. laganna kemur: tveggja einstaklinga.

b. (2. gr.)

1. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Stofna má til hjúskapar þegar hjónaefni hafa náð 18 ára aldri.

c. (3. gr.)

*Brottfall laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996,  
með síðari breytingum.*

Lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum, falla brott.

d. (4. gr.)

*Breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990,  
með síðari breytingum.*

2. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

e. (5. gr.)

*Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins,  
nr. 1/1997, með síðari breytingum.*

Orðin „staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996“ í 1. málsl. 7. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

f. (6. gr.)

*Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi  
lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.*

Orðin „staðfestri samvist“ í 1. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

g. (7. gr.)

*Breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998,  
með síðari breytingum.*

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðin „staðfestri samvist“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

b. Í stað orðanna „stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar“ kemur: eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.

h. (8. gr.)

*Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999,  
með síðari breytingum.*

Í stað orðanna „hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist“ og „hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: hjúskap eða óvígða sambúð; og: hjúskap eða óvígðri sambúð.

i. (9. gr.)

*Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003,  
með síðari breytingum.*

4. mgr. 62. gr. laganna fellur brott.

j. (10. gr.)

Orðin „og einstaklingar í staðfestri samvist“ í 1. mgr. 80. gr. laganna falla brott.

k. (11. gr.)

*Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004,  
með síðari breytingum.*

Orðin „einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

l. (12. gr.)

*Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999,  
með síðari breytingum.*

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „einstaklingar í staðfestri samvist“ í 1. mgr. falla brott.

b. Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. og 3. mgr. falla brott.

m. (13. gr.)

*Breyting á lögum um tæknifrjógungun, nr. 55/1996,  
með síðari breytingum.*

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðin „staðfestri samvist“ í a-lið 1. mgr. falla brott.

b. Orðin „staðfestri samvist eða“ í e-lið 1. mgr. falla brott.

n. (14. gr.)

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 5. gr. laganna falla brott.

o. (15. gr.)

Orðin „í staðfestri samvist“ í 3. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

p. (16. gr.)

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

q. (17. gr.)

*Breyting á barnalögum, nr. 76/2003,  
með síðari breytingum.*

Í stað orðanna „staðfestri samvist eða óvígðri sambúð“ í 2. másl. 3. gr. laganna kemur: óvígðri sambúð með annarri konu.

r. (18. gr.)

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum sem varða réttindi samkynhneigðra.